

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 63/96  
frá 22. nóvember 1996**

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/96 frá 26. apríl 1996<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, reglugerð (EBE) nr. 1247/92 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 1945/93 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1247/92<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3096/95 frá 22. desember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 32, 25. 7. 1996, bls. 53.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 10.

1. gr.

VI. viðauka við samninginn skal breytt eins og kveðið er á um í viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3095/95 og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3096/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

H. Hafstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/96

VI. viðauka (FÉLAGSLEGT ÖRYGGI) við EES-samninginn skal breytt sem að aftan segir.

### GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71):

„ - 395 R 3095: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 1).

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3095/95 skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) 7. mgr. 1. gr. gildir ekki;
- b) í 9. mgr. 1. gr. lesist „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ” sem „L. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ”.
- c) í 11. og 12. mgr. 1. gr. lesist „30. ÞÝSKALAND-GRIKKLAND” sem „24. ÞÝSKALAND-GRIKKLAND”.

- 395 R 3096: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3096/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 10).

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3096/95 skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) hvað varðar elli- og dánarlífeyri gildir 5. mgr. 1. gr. frá 1. janúar 1994;
- b) í b-lið 8. mgr. 1. gr. og 12. mgr. 1. gr. lesist „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ” sem „L. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ”;
- c) í c-lið 9. mgr. 1. gr. lesist „11. BELGÍA-PORTÚGAL” sem „10. BELGÍA-PORTÚGAL”;
- d) í d-lið 9. mgr. 1. gr. og d-lið 10. mgr. 1. gr. lesist „35. ÞÝSKALAND -AUSTURRÍKI” sem „69. AUSTURRÍKI-ÞÝSKALAND”;
- e) í b-lið 14. mgr. 1. gr. lesist „L. PORTÚGAL” sem „K. PORTÚGAL”.

2. Aðlögunarliðirnir við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1247/92 og við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1945/93 í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) falli niður.

3. Í stað textans undir fyrirsögninni „Q. NOREGUR” í aðlögunarlið j) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) komi eftirfarandi:

„a) Styrkir greiddir með eingreiðslu við barnsfæðingu samkvæmt almannatryggingalögum;

b) Styrkir greiddir með eingreiðslu við ættleiðingu samkvæmt almannatryggingalögum.”

4. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72):

„- 395 R 3095: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 1).

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3095/95 skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í a-lið 7. mgr. 2. gr. lesist „16. DANMÖRK-SPÁNN” sem „13. DANMÖRK-SPÁNN”;

b) í a-lið 7. mgr. 2. gr. lesist „18. DANMÖRK-GRIKKLAND” sem „15. DANMÖRK - GRIKKLAND”;

c) í c-lið 7. mgr. 2. gr. lesist „62. GRIKKLAND-HOLLAND” sem „49. GRIKKLAND-HOLLAND”.

d) í d-lið 7. mgr. 2. gr. lesist „93. HOLLAND-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ” sem „65. HOLLAND-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ”.

- 395 R 3096: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3096/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 10).

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3096/95 skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í 2. mgr. 2. gr., b-lið 3. mgr. 2. gr., b-lið 4. mgr. 2. gr., b-lið 5. mgr. 2. gr. og c-lið 7. mgr. 2. gr. lesist „K. AUSTURRÍKI” sem „M. AUSTURRÍKI”;

b) í c-lið 6. mgr. 2. gr. lesist „23. DANMÖRK-AUSTURRÍKI” sem „68. AUSTURRÍKI-DANMÖRK”;

c) í d-lið 6. mgr. 2. gr. lesist „53. FRAKKLAND-ÍTALÍA” sem „41. FRAKKLAND-ÍTALÍA”;

- d) í e-lið 6. mgr. 2. gr. lesist „82. ÍTALÍA-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ” sem „60. ÍTALÍA-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ”;
- e) í f-lið 6. mgr. 2. gr. lesist „84. LÚXEMBORG-AUSTURRÍKI” sem „75. AUSTURRÍKI- LÚXEMBORG”;
- f) í g-lið 6. mgr. 2. gr. lesist „95. AUSTURRÍKI-FINNLAND” sem „79. AUSTURRÍKI-FINNLAND”;
- g) í h-lið 6. mgr. 2. gr. lesist „97. AUSTURRÍKI-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ” sem „78. AUSTURRÍKI-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ”.